


# HJARTAVERND



17.ÅRG. 2.TBL. 1980



81

# "HVAÐ GERÐIRÐU VIÐ PENINGANA SEM FRÚIN Í HAMBORG GAF PÉR?"

Vinningaskrá 1981

	Nykr.
9 @	100.000
9 -	50.000
9 -	20.000
198 -	10.000
1.053 -	5.000
28.368 -	1.000
104.904 -	500
450 aukav.	2.500
	135.000
	900.000
	450.000
	180.000
	1.980.000
	5.265.000
	28.368.000
	52.452.000
	1.125.000
	90.720.000

Allir kannast við frúna í Hamborg, þó enginn hafi nokkurn tíma heyrta hana eða séð. En Happdrætti Háskólangs er raunverulegt og umboðsmenn þess eru um allt land.

Svo ef þú átt þína drauma um allt það sem þú myndir gera ef þú fengir óvænta peninga í hendur — drifðu þig bá til næsta umboðsmanns HHI

Vinningarnir eru samtals 135.000 og eru raunverulegir í pokkabót. Vinningsupphæðirnar eru allt frá 500 nýkr. upp í 100 þúsund nýkr. Miðin kostar aðeins 20 nýkr. og svo er bara að muna eftir að endurnýja mánaðarlega.

 **HAPPDRÆTTI  
HÁSKÓLA ÍSLANDS**  
*Vertu með til vinnings*



# HJARTAVERND



17. ÁRGANGUR  
2. TÖLUBLAÐ  
DESEMBER 1980

## EFNISYFIRLIT:

Í SÁTT VIÐ SITT HJARTA	1
HJARTASÓNRITUN KRISTJÁN EYJÓLFSSON LÆKNIR	3
AÐALFUNDUR HJARTAVERNDAR	5
FITA OG HEILSU FAR DR. JÓN ÓTTAR RAGNARSSON DÓSENT	7
HVERS MÁ VÆNTA AF HJARTAVERND	11
TVÆR SKÝRSLUR	15
ÁRSSKÝRSLA RANNSÓKNARSTÖÐVAR HJARTAVERNDAR	19
REYKINGAR OG HJARTA- OG ÆÐASJÚKDÓMAR	23

ÚTGEFANDI: HJARTAVERND, LANDSSAMTÖK HJARTA- OG  
ÆÐAVERNDARFÉLAGA Á ÍSLANDI

RITSTJÓRN: SNORRI P. SNORRASON, NIKULÁS  
SIGFÚSSON OG STEFÁN JÚLÍUSSON

AFGREIDS LA BLADSINS: SKRIFSTOFA HJARTAVERNDAR,  
LÁGMÚLA 9, 3. HÆÐ - SÍMI 83755

SETNING, UMBROT, FILMUVINNA OG PRENTUN:  
SVANSPRENT HF.

KÁPA: AUGLÝSINGASTOFAN HF.  
GÍSLI B. BJÖRNSSON, LÁGMÚLA 5

# Í sátt við sitt hjarta

Það er kunnara en frá þurfi að segja að langflestir íslendingar deyja úr hjarta- og æðasjúkdóum. Dánartala af völdum þessara sjúkdóma hefur að vísu ekki hækkað síðustu árin en samt verða þeir eins mörgu fólk að aldurtila og allir aðrir sjúkdómar til samans. Það er einnig alkunna að þessir sjúkdómar geta dulist með fólkí árum saman, áhættuþættir þeirra eru langt ífrá nægilega vel þekktir og erfitt að kveða á um með fullri vissu hvernig varast megi að verða þeim að bráð. Samt hafa rannsóknir og reynsla sérfraðinga leitt ýmislegt í ljós sem getur verið fólkí til leiðbeiningar og leiðsagnar. Sumir áhættuþættir þessara sjúkdóma eru allvel kunnir, og lífnaðarhættir fólks eru misjafnir og misjafnlega heilsusamlegir, jafnt heilbrigðum sem vanheilum.

Nýlega tók formaður dönsku hjartaverndarfélaganna, dr. Anders Tybjærg Hansen prófessor, þessi mál til umræðu í blaði samtakanna. Hann minnist þar á ýmis atriði sem fólk skyldi taka til athugunar og ræðir af hógværð og stillingu hvernig hjartanu sé best borgið. Hér á eftir verður lauslega rakið hvernig prófessorinn reifar þetta efni.

Litla vöðvadælan sem er ekki miklu stærri en krepptur mannhnefi vinnur fyrir okkur sleitulaust alla ævi, frá vöggu til grafar, hverja sekúndu dag og nótt. Dags daglega verðum við hennar harla lítið vör. Við leiðum varla að henni hugann. En þegar við komumst í mikla geðs-hræringu, af sorg, gleði, hatri, ást eða ótta, finnum við snöggt og óumdeilanlega til hjartans. Þess vegna hefur hjartað frá örðfi alda verið tengt tilfinningunum í ljóðum, sögum og sögnum. Við segjum að hjartað taki viðbragð, hoppi, hamist – eða jafnvel stansi. Hjartað er táknað ástarkeendar, það getur kramist af sorg eða þrá.

En hvað sem öllu þessu tilfinningafári líður lætur hjartað alla jafna lítið yfir sér, það slær möglunarlaust dag og nótt án þess að því sé mikill gaumur gefinn.

## Hættumerki

Margir lifa í sátt og samlyndi við sitt góða hjarta. Þeir deyja drottni sínum þegar þeirra tími er kominn. Sumir deyja að vísu úr hjartaslagi en það er ekki verri dauðdagí en hver annar, þ.e.a.s. ef tími er til kominn.

En þeir eru einnig margir sem hafa aðrar og átakanlegri sögur af hjartanu að segja. Þetta eru ýmist sögur af hjarta-áfalli þeirra sjálfrá, ættingja þeirra eða vina.

Hjartað má kalla orkugjafann í lífi okkar. Þess vegna verða viðbrögðin svo snögg og alvarleg ef ólag kemst á gangvirkið. Þetta ólag getur lýst sér á ýmsa vegu: hjartað tekur e.t.v. aukaslag, slær óreglulega um stund eða

skerandi verkur gerir vart við sig. Svona truflun á gangvirkinu getur verið með öllu skaðlaus en samt verður sá sem fyrir verður þegar sleginn ótta. Öll erum við okkur þess meðvitandi að stöðvist hjartað þótt ekki sé nema örfáar mínútur er úti um okkur. Sömu vitneskju höfum við um andardráttinn. Aðra líffærastarfsemi látum við okkur meira í léttu rúmi liggja. Til dæmis tökum við venulega magakveisu ekki svo ýkja alvarlega.

Hjartað getur með ýmsu móti gefið til kynna að ekki sé allt með felldu. Þessi hættumerki eru margvisleg, allt frá taugaspennu vegna skerandi sársauka (hjartakeisu) til algerrar hjartastöðvunar, þegar menn detta niður meðvitundarlausir án nokkurs fyrirboða. Þeir sem sloppið hafa lifandi frá alvarlegu hjartaáfalli þurfa vissulega að breyta um lifnaðarháttu og fara að öllu með gát.

## **Þetta kemur öðrum við – ekki mér.**

En hvað um okkur sem ekkert amar að? Erum við kannski þeirrar skoðunar að það séu bara „einhverjir aðrir“ sem fái hjartaáfall? Við finnum hvort sem er ekkert til hjartans nema þegar tilfinningarnar láta til sín taka (sem er alveg eðlilegt).

Vissulega eignum við öll að gæta að hættumerkjum. Vegna vanþekkingar á líkama og líffærastarfi tengir fólk þessi hættumerki ekki hjartanu sérstaklega, – eða þá fólk þekkir þau en er með alls konar viðbárur og aukaskýringar til að þurfa ekki að breyta þeim lifnaðarháttum og lífsvenjum sem það hefur tamið sér. Lítum á fáein atriði sem varast ætti þegar árin verða fleiri:

- *Við erum að verða í þybbnara lagi (dálítið þétt á velli!).*
- *Við hreyfum okkur minna en góðu hófi gegnir, því verðum við fljótt móð við áreynslu.*
- *Við stundum enga líkamsrækt.*
- *Við reykjum, kannski meira en við vildum.*
- *Við vitum ekkert um blóðþrýstinginn. Við hirðum ekki um að fara reglulega í læknisskoðun. Við segjum sem svo: „Drottinn minn dýri, hvers vegna skyldi ég fara til læknis þegar ekkert er að mér?“*
- *Við gerum okkur yfirleitt enga rellu út af líkamanum; hirðum hvorki um hvað honum er fyrir bestu né heldur hversu mikil má á hann leggja. Við erum tortryggin á allt þetta raus um skaðleg efni og óheilnæma eða heilsusamlega fæðu. Við grettum okkur yfir þessu fólk sem er að spranga, skokka eða synda dags daglega meðan við látum fara vel um okkur í góðum stól.*

Það er mikill fjöldi fólks hér á landi, 35 ára eða eldra, sem sett gæti kross fyrir framan þessa punkta. Vitaskuld þarf það ekki að vera vanheilt. En það er orðið vanafast og ráðsett. Og þetta fólk er í miklu meiri hættu að verða sjúkdómum að bráð en þeir sem ötulir eru og stunda heilsurækt, – ekki aðeins kransæðastíflu heldur mörgum öðrum sjúkdómum.

## **Sjálfsbjörg og skyndihjálp**

Að sjálfsögðu eiga aðrir ekki að gera sig gildandi og segja okkur hvernig við eignum að lifa. Því viljum við gjarnan ráða sjálf.

En þegar við tökum ákveðnar ákvárdanir verðum við að kunna skil á því sem við tökum ákvörðun um. Hér erum við að ræða um líkamann. Við þurfum því að þekkja til líkamsstarfseminnar, vitanlega ekki í smáatriðum eins og læknar – en svona í grófum dráttum. Við verðum að vita hvaða áhrif ákveðnir lifnaðarhættir hafa á líkamann. Okkur þarf að vera ljóst að líkamsástand og heilsufar hefur áhrif á daglegt geðslag og líf okkar í heild.

Séum við of fáfróðir um þessa hluti getum við farið að trúá á tröllasögur og ala með okkur óskhyggju. Og seinna getur verið að við sjáum eftir að við vorum ekki skynsamari í tæka tíð.

Pekkingarskortur á heilbrigði og sjúkdómum getur alið á ótta. Fólk getur t.d. verið hrætt við að fara í heilsufarsrannsókn. Hugsa sér ef læknirinn fyndi nú eitthvað að mér!


Þetta er harla ástæðulaus ótti. Almennar heilsufarsrannsóknir, eins og t.d. þær sem Hjartavernd framkvæmir, hafa leitt í ljós tvö þýðingarmikil atriði:

- *Þáttakendur með sjúkdómseinkenni sem enn hafa ekki gert alvarlega vart við sig verða feginir að þau finnast í tæka tíð svo að hægt sé að sinna þeim á byrjunarstigi.*
- *Þáttakendur sem ekkert finnst að fara léttari í bragði og heita á sig að koma strax til skoðunar aftur þegar kallid kemur.*

Það getur komið fyrir okkur öll að líf annars manns sé undir því komið að við kunnum einhver skil á skyndihjálp. Á því riður að við þorum að aðhafast eitthvað meðan beðið er eftir lækni en stöndum ekki aðgerðarlaus hjá og núum saman höndum. Maður fellur allt í einu í ómegin vegna þess að hjartað hefur stansað. Hvað gerir þú þá ef þú ert nærastaddur? Hefirðu kynnt þér það?

Það kostar að vísu dálitla fyrirhöfn að kunna skil á hvað hjartanu er fyrir bestu, bæði heilu hjarta og veilu. Fólk þarf að kunna skil á heppilegum neyslumenjum, líkamsþjálfun og slökun í daglegu amstri. En vilji fólk leggja á sig að fræðast um þessi efni og hagnýta sér þá þekkingu til að lifa í sátt við sitt hjarta er enginn vafi á því að sú fyrirhöfn skilar sér í betra og gæfuríkara lífi.

# Hjartasónritun



*EKKI HEFUR ENN FUNDIST PJÁLT ÍSLENSKT NAÐN Á ÞESSA RANNSÓKN SEM EINNIG HEFUR VERIÐ NEFND HLJÓÐBYLGJURANNSÓKN Á HJARTA, ÖRBYLGJURANNSÓKN Á HJARTA, BERGMÁLSRANNSÓKN Á HJARTA EÐA „EKKÓ“ EÐA EKKÓKARDIOGRAFIA EFTIR ERLENDU HEITI RANNSÓKNARINNAR. „SÓNAR“ HEFUR VERIÐ NOTA UM ÖRBYLGJURANNSÓKNIR, T.D. Á KVIÐARHOLSLÍFFÆRUM. „HJARTASÓNRTI“ ER TILRAUN TIL NÝYRÐIS, SBR. HJARTARAFRIT, HJARTAHLJÓÐRIT, O.S.FR. EN UPPÁSTUNGUR UM ÖNNUR NÝYRÐI ERU VEL BEGNAR.*


*Á sama hátt mætti nefna örbylgjurannsókn af öðrum líffærum, t.d. nýrna-sónrit, lifrar-sónrit, fóstur-sónrit o.s.frv.*

Rannsóknir á hjarta með hátiðni hljóðbylgjum hafa færst mikið í vöxt á síðasta áratug. Þróuð hafa verið tæki sem gera kleift með mikilli nákvæmni að rannsaka hreyfingar í lokum og öðrum hlutum hjartans, að mæla stærð hjarta-hólfra og þykkt skilrúma og veggja. Geta þær upplýsingar sem á þennan hátt fást verið svo dæmigerðar að unnt sé að greina ákveðna sjúkdóma en geta í öðrum tilvikum gefið vísbindingu um ástand hjartans og þar með á hve háu stigi sjúkdómur í hjarta sé.

**Eðlisfræðilega** byggist rannsóknin á að til eru kristallar sem geta breytt rafstraumi í hljóðbylgjur og öfugt. Örbylgjur (m. tíðni 2–7 megarið) eru sendar inn í líkamann í örfá sekúndubrot. Hluti af bylgjunum endurkastast þegar á vegi þeirra verða vefir með mismunandi hljóðleiðni, kristallinn skynjar bessar bylgjur og breytir þeim í rafstraum sem rafeindalega gerir kleift að fá fram mynd af hinum mismunandi vefjum, himnum, vöðva, blóði o.s.fr. Hefur rannsóknin því einnig verið nefnd bergmálsrannsókn. Þar eð hjart-að er á sifelldri hreyfingu er myndin látin hreyfast á sjónvarpsskjá, en myndina má einnig setja á sérstakan útfjölu-bláan pappír til nákvæmari mælingar


húsín í Reykjavík hafa nú fengið sónritunartæki til að framkvæma örbylgjurannsókn á þennan hátt.

Á síðustu 6 árum hafa verið gerð tæki þar sem geislinn er láttinn hreyfast hratt í geira, allt upp í 90 gráður, og fæst þannig tvívíddar hreyfi – eða kvíkmynd af hjartanu (sjá mynd 2). Skoða má myndina á sjónvarpsskjá eða taka upp á myndsegulband og leika síðar hægt og þannig meta nákvæmlega hreyfingar hjartans. Þessi aðferð eykur nákvæmni við sjúkdómsgreiningu, t.d. á meðfæddum hjartagöllum hjá börnum. Bestum



Mynd 1.

Til vinstrí sést þverskurðarmynd af hjarta. Skyggði ferhyrningurinn sýnir stefnu örbylgjugeisla sem beint er inn í hjartað gegnum útstreymishluta hægra slegils (HSL), ósæð (ÓE) og vinstrí gátt (VG). Til hægri sést teiknað hjartasónrit þar sem fram kemur þverskurður á sömu veggjum og hólfum og fram komu hreyfingar t.d. myndar ósæðarlokubreytingin sexhrunda „kassa“ mitt í ósæð. Efst sést hjartarafrit (HRR) og einnig sést „dýptarkvarði“ (1 cm.) sem gerir kleift að mæla stærð hólfra og veggja, og hráðakvarði (1 sek.), sem gerir kleift að mæla hreyfingarhraða o.fl. Beina má geislanum á annan hátt og þannig fá mynd af öðrum hlutum hjartans. (Aðrar skammstafanir: BV: Brjóstveggur. VSL: Vinstrí slegill. ML: Mitralloka. VG: Vinstrí gátt, ÓE: Ósæð).



**Mynd 2.**

Teiknaður þverskurður af hjarta. Örbylgjugjafi (*ÖBG*) sendir örbylgjugeira inn í hjartað og fæst þannig mynd svarandi til skyggða sveðisins. Á sjónvarppskjá sést myndin hreyfast jafn hratt og hjartað („raunveruleikamynd“). Beina má örbylgjugjafanum ofar eða neðar eftir því hvaða hluta hjartans á að mynda þar eð oftað er ekki unnt að mynda allt hjartað í einu nema hjá börnum.

árangri má ná með að nota báðar ofangreindar rannsóknaraðferðir. Tæki til tvívíddar hjarta-sónritunar eru ekki enn til hérlandis.

EKKI er í grein sem þessari unnt að lýsa á hvern hátt hinir ýmsu hjartasjúkdómar verða greindir með hjarta-sónritun en minnst verður hér á eftir á nokkra sjúkdómaflokka:

**Sjúkdómar í gollurshúsi:** Hjarta-sónritun er næmst rannsóknaraðferða til að finna vökva í gollurshúsi sem myndast getur m.a. við bólgu í gollurshúsini. Sést þá vökvafyllt bil á milli ytra og innra blaðs (þess sem þekur

hjarta að utan) gollurshúss. Rannsóknina má endurtaka eftir þörfum til að fylgjast með hvort vökvasöfnun eykst eða minnkar.


**Sjúkdómar í hjartavöðva:** Sumir hjartavöðvasjúkdómar einkennast af þykknun á veggjum slegla eða sleglaskilum. Veggþykkt má eins og áður er getið mæla með mikilli nákvæmni og þannig má meta á hve háu stigi sjúkdómurinn er. Aðrir hjartavöðvasjúkdómar einkennast af útvíkkun á hjartahólfum, einkum vinstra slegli. Samdráttur minnkar og sjást þá minnkaðar hreyfingar veggja hjartahólfanna. Á

þenna hátt má einnig meta stig sjúkdómsins og með endurteknum rannsóknunum fylgjast með bata vegna meðferðar eða versnun. Við suma hjartavöðvasjúkdóma verður röskun á hjartalokum og má þá sjá óeðlilegar loka-hreyfingar.

**Kransæðasjúkdómar:** Kransæðar er ekki unnt að meta með hjarta-sónritun en stundum má sjá afleiðingar sjúkdómsins á hjartavöðva, þ.e. minnkaðan samdrátt, ör eftir kransæðastiflu, gúlmyndun, stækkan hjartahólfra vegna hjartabilunar o.fl. Kransæðasjúkdómar á vægu stigi verður þó ekki greindur með þessari aðferð og verður þá að framkvæma hjartaþræðingu og kransæðamynndatöku.

**Hjartalokusjúkdómar:** Hjarta-sónritun er mjög góð rannsóknaraðferð við greiningu og mat á hjartalokusjúkdóum. Greina má kölkun í lokum, minnkaðar og óeðlilegar hreyfingar samfara lokupréngslum, óeðlilegar hreyfingar við lokuleka, og meta má ástand hjartavöðvans út frá hreyfingum og þykkt veggja.

**Meðfæddir hjartasjúkdómar:** Hjarta-sónritun hefur í sívaxandi mæli verið notuð við greiningu og mat á meðfæddum hjartasjúkdóum. Þótt ekki sé alltaf unnt að greina sjúkdóminn fást oft mikilvægar upplýsingar um ástand á lokum og hjartahólfum.



Hjartasónriti.

**Ýmsir sjúkdómar:** Greina má æxli í hjarta, bólguhrúður við sýklasýkingu á lokum, meta má starfsemi ýmissa gerviloka og margt fleira sem of langt yrði að greina frá hér.

**Lokaorð:** Hjarta-sónritun hefur marga kosti. Má einkum nefna að rannsóknin er algjörlega sársauka- og hættulaus og má því endurtaka eins oft og þörf þykir. Helstu ókostir eru þeir að töluberða þjálfun og æfingu þarf til að geta framkvæmt og metið rannsóknina svo vel sé. Svo og að rannsókn-

in er nokkuð tímafrek, tekur oft 20–30 mínútur að framkvæma hana og stundum lengur hjá minni börnum. Úrlestur með mælingum og útreikningum tekur 10–20 mínútur og stundum lengur í flóknari tilfellum. Við núverandi aðstæður er því rannsóknin oftast gerð í völdum tilfellum, en oft ekki framkvæmd vegna tímaskorts í öðrum tilfellum þar sem þó mætti fá mikilsnýtar upplýsingar, t.d. hjá sjúklingum með algenga sjúkdóma, svo sem kransæðasjúkdóm, háþrysing o.fl. Einnig má

nefna að stundum er ekki unnt að framkvæma rannsóknina hjá sjúklingum með mikla lungnaþembu þar eð hljóðbylgjur komast ekki eða illa í gegnum lungun.

Vonir standa til að hjarta-sónritunartæki til tvívíddarrannsóknar fáist til notkunar hérlandis áður en langt um líður og að kleift verði að framkvæma þessa mjög svo nystömu rannsókn á æfleiri sjúklingum með hjartasjúkdóma.

## Aðalfundur

# Hjartaverndar 1980

Aðalfundur Hjartaverndar árið 1980 var haldinn í Domus Medica fimmtudaginn 30. október.

Formaður samtakanna, dr. Sigurður Samúelsson, setti fundinn. Fundarstjóri var Jóhann H. Nielsson og fundarritari Stefán Júlíusson.

Formaður flutti skýrslu framkvæmdastjórnar. Rakti hann helstu störf og framkvæmdir á vegum samtakanna, ræddi um fjárhagsvanda og horfur á starfsemi í framtíðinni.

Hjördís Kröyer skýrði reikninga en þeir lágu fjörlitaðir og endurskoðaðir fyrir fundinum. Að þessu sinni var reikningsárið 16 mánuðir vegna breytinga á lögum Hjartaverndar. Niðurstöðutölur á rekstrarreikningi voru kr. 201.766.277. Gjöld umfram tekjur voru kr. 4.977.923. Niðurstöðutölur á efnahagsreikningi voru kr. 274.623.469.

Nikulás Sigfússon yfirlæknir gerði grein fyrir ársskýrslu Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar sem lá fjörlituð frammi á fundinum og skýrði einstök atriði hennar. (Skýrslan er birt í þessu hefti).

**Stjórnarkjör.** Úr aðalstjórn gengu að þessu sinni Davið Davíðsson, Eðvarð Sigurðsson, Helgi Þorláksson, Páll Gíslason og Sigurður Samúelsson. Voru þeir allir endurkjörnir til næstu þriggja ára. Þá var kosinn til tveggja ára Vilhjálmur Einarsson skólameistari á Egilsstöðum í stað Guðröðar Jónssonar sem lést á síðasta ári.

Árgjald var samþykkt kr. 2.000 fyrir einstaklinga, kr. 10.000 fyrir styrktaraðila (félög og stofnanir) og ævifélagagjald kr. 15.000.

Eftir aðalfundinn var fræðslu- og umræðudagskrá eins og rakið er annars staðar í þessu hefti.  
Í aðalstjórn Hjartaverndar, landssamtaka hjarta- og æðaverndarfélaga, eiga eftirtaldir 15 menn sæti: Benedikt Gröndal alþingismaður, Bjarni Guðbjörnsson bankastjóri, Davið Davíðsson prósessor, Eðvar Sigurðsson fyrrv. alþingismaður, Eyjólfur Konráð Jónsson alþingismaður, Geir Hallgrímsson alþingismaður, Helgi Þorláksson skólastjóri, Jónas Haralz bankastjóri, Ólafur Sigurðsson yfirlæknir Akureyri, Páll Gíslason yfirlæknir, Sigurður Samúelsson prósessor, Snorri Páll Snorrason yfirlæknir, Stefán Júlíusson rithöfundur, Vilhjálmur Einarsson skólameistari, Þórarinn Þórarinsson ritstjóri. Þessir 5 menn eiga sæti í varastjórn: Eyþór Tómasson forstjóri Akureyri, Knútur Höiðiis forstjóri, Keflavík, Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, Sveinn Guðmundsson útibússtjóri, Akranesi, Þórður Harðarson yfirlæknir.

Endurskoðendur reikninga: Haukur Þorleifsson, Ólafur Jónsson hrl. Til vara: Bjarni Bjarnason endurskoðandi. Hinn 19. nóvember kom stjórn Hjartaverndar saman til fundar til að kjósa formann og framkvæmdastjóra úr sinum hópi. Formaður var kosinn dr. Sigurður Samúelsson. Aðrir í framkvæmdastjórn voru kjörnir: Davið Davíðsson, Helgi Þorláksson, Jónas Haralz og Stefán Júlíusson. Í varastjórn voru kjörnir: Snorri Páll Snorrason (varaformaður) og Þórarinn Þórarinsson.

# Efling byggðar og atvinnulifs til sjós og lands

argus



Landsbanki Íslands hefur að baki nær 100 ára reynslu í þjónustu við atvinnuvegi þjóðarinnar. Á þessu tímabili hefur Landsbankinn tekið virkan þátt í baráttu þjóðarinnar fyrir sjálfstæði og betri lífskjörum. Spariféð sem

geymt er í Landsbankanum hefur gert honum kleyft að leggja hönd á plöginn.

Þjónusta Landsbankans hefur ætíð haldist í hendur við uppbyggingu sjávarútvegs, landbúnaðar, iðnaðar og verslunar.



**LANDSBANKINN**  
*Banki allra landsmanna*



*Dr. Jón Óttar Ragnarsson matvælafræðingur:*

# Fita og heilsufar

**Erindi flutt á málþingi  
Hjartaverndar 30. okt. 1980**

Þrír helstu áhættubættir kransæðasjúkdóma eru há blóðfita, hár blóðþrýstingur og reykingar. Rannsóknir Hjartaverndar hafa m.a. sýnt að blóðfita meðal Íslendinga er að jafnaði með því hæsta sem pekkist á Vesturlöndum.

Rannsóknir sýna að sá þáttur sem hefur mest áhrif á blóðfítuna er hlutfallið á milli mjúkrar fitu (Fjölómettuð fita) og harðfeiti (Mettuð fita) í fædinu, þ.e. hið svokallaða F/M-hlutfall. Því lægra sem þetta hlutfall er þeim mun hærri er blóðfítan að jafnaði.

Íslenskar rannsóknir hafa sýnt að á árinu 1965 var F/M-hlutfallið í fæði Íslendinga með því lægsta sem mælst hefur

Frá upphafi landnáms fram á þessa old voru Íslendingar bændaþjóð. Mataræðið var fábreytt. Þjóðin lifir fyrst og fremst á fáeinum dýrafurðum, einkum mjólkurmat, kindakjöti og fiski. Mataraskortur fór að gera vart við sig þegar á 12. öld. Má segja að fólksfjölgun og fæðukreppa í kjölfar hennar hafi sett mestan svip á aldarfarið næstu sex eða sjö aldirnar.

*Mynd 1* sýnir að þjóðinni hætti að fylgja eftir að komið var fram á þrettánu old. Fór Íslendingum síðan fækkandi þar til komið var fram á nítjánu old. Meðalhæð þjóðarinnar er talin hafa minnkad lítillega á þessu tímabili. Loks voru hungurfellisárin tið, einkum á 17. og 18. öld. Má því segja að spá Malthusar hafi ræst á Íslendingum þótt ekki væri hún ætluð þeim.

Þegar rætt er um fæði er oft hentugt að skipta matnum í fjóra aðalflokka. Koma tveir úr jurtaríkinu, garðávextir og korn og tveir úr dýraríkinu, kjöt og fiskur (og egg) og mjólkurmatur. Er talið æskilegast að fæðið komi sem mest

jöfnum höndum úr öllum þessum fjórum flokkum.


Mataræði Íslendinga frá landnámsold fram að lokum 18. aldar einkenndist af því að báða fæðuflokkana úr jurtaríkinu vantaði að meira eða minna leyti í fæði. Neysla garðávaxta var afar lítil

allt þetta tímabil og hefst raunar ekki að ráði fyrr en kartöflurækt og í minna mæli rófnarækt hófst fyrir alvöru á síðustu old. Neysla korns var einnig lítil að jafnaði. Það litla korn sem var ræktat var mest bygg til örgerðar. Lagðist sú ræktun af á sextándu old.

Mataræði Íslendinga á fyrrri oldum hefur því verið dæmigert norðurhjarað fæði á tímum þegar flutningur jurtasfurða frá heitari löndum var oft miklum erfiðleikum bundinn. Má því segja að fyrstu níu aldirnar í sögu þjóðarinnar hafi að jafnaði yfir 90% af hitaeiningum komið úr dýraríkinu.


A nítjánu old óx neysla á jurtafurdum hröðum skrefum. Innflutningur á korni jókst jafnt og þétt alla oldina. Ræktun á garðávöxtum hófst fyrir alvöru eftir miðbik hennar. Sykurinnflutningur sigldi síðan í kjölfarið. Byrjar hann í stórum stíl í lok aldarinnar. *Mynd 2* sýnir innflutning á korni og sykri.

Því miður fór engin neyslukönnun meðal landsmanna fram á nítjánu old. Sú fyrsta sem gerð var í landinu var




Meðalhæð karla, fólksfjöldi og fjöldi mannfellisára á Íslandi

KG/MANN



KG/MANN



Mynd 2

Innflutningur á korni og sykri

framkvæmd af Júlíusi Sigurjónssyni, prófessor árið 1940. Sýndi hún að hlutfall hitaeininga í fæðinu skiptist nokkurn veginn jafnt á milli jurta- og dýraríkisins. Jafnframt kom fram að um það bil 40% af hitaeiningum í fæðinu komu úr fitu. Er það svipað hlutfall og er annars staðar í iðnrikjum á Vesturlöndum.

Aðrar neyslukannanir sem gerðar hafa verið eru búreikningakönnum Hagstofu Íslands sem fram fór meðal

launþega í Reykjavík árið 1965 auk nokkurra annarra. Þessar kannanir og hluti af niðurstöðum þeirra kemur fram í mynd 3. Í stuttu máli sýna þær allar að um það bil 40% af hitaeiningum koma úr fitu. Virðist þetta hlutfall því ekki hafa breyst að ráði frá því að landskönnum fór fram árið 1940.

Mynd 4 sýnir hvaða breytingar urðu á neyslu mikilvægustu afurða á tímabilinu frá 1940 til 1965. Í stuttu máli urðu þær

breytingar helstar að neysla á fiski minnkaði verulega svo og neysla á rúgi. Á hinn böginn jókst neysla á mjólkurafurðum verulega. Enn meiri varð þó aukningin á neyslu ávaxta. Má segja að þeir hafi komi til sögunnar á þessu tímabili.

Eitt fyrsta verk hinnar nýstofnuðu Fæðurannsóknardeilda Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins og Háskóla Íslands árið 1977 var að gera nákvæma útreikninga á könnun Hagstofu Íslands árið 1965. Mynd 5 sýnir helstu niðurstöður þeirrar könnunar. Hún sýnir að sá fæðuflokkur sem gefur flestar hitaeiningar er mjólkurmatur eða nærrí því 1/3 ef smjör er meðtalið. Næsti flokkur í þessari röð er kornflokkurinn sem gefur rösklega 1/5 af hitaeiningum.

En lítum næst á heilsufarið. Hér á landi hefur þróun orðið með svipuðum hætti og viðast hvar á Vesturlöndum. Á tímabilinu frá 1850 til 1950 jukust ævilíkur Íslendinga um helming og eru nú 70-80 ár að jafnaði. Helsta orsök þessara miklu breytinga til hins betra á heilsufarinu er sú að öllum skæðustu smit- og hörgulsjúkdómum hefur verið rutt úr vegini.

Eftir því sem ævilíkur íslensku þjóðarinnar hafa aukist hafa beðið ný viðfangsefni í heilbrigðismálum. Fólk náði æ hæri aldri eftir því sem leið á oldina og ýmsir hrörnunarsjúkdómar hafa færst í aukana. Eru hjarta- og æðasjúkdómar og krabbamein skæðastir þeirra. Lætur nærrí að um 2/3 allra Íslendinga láttist úr þessum sjúkdómaflokki að jafnaði.

Sé litlið yfir tímabilið frá 1950 til 1975 kemur í ljós að tíðni kransæðasjúkdóma hefur aukist til mikilla muna, einkum meðal karlmannna. Sem dæmi má nefna að árið 1973 léstu um það bil 40% allra karlmannna 55 ára og eldri úr kransæðasjúkdómu.

Rannsóknir víða um lönd hafa leitt í ljós að helstu áhættubættir kransæðasjúkdóma eru há blóðfita, hár blóðþrýstingur og reykingar. Af þessum þremur þáttum stendur blóðfítan í nánum tengslum við mataræði. Má segja að hið svokallaða F/M-hlutfall skipti mestu.

F/M-hlutfallið er hlutfallið á milli mjúkrar fitu (Fjölómettaðrar) og harðrar fitu (Mettaðrar) í fæðinu. Að

Ár	Könnun	Þjófélagshópur	Hlutfall af HE fæðis úr:		
			Kolvernum	Fitu	Hvítu
1939–40	Manneldisráð (Július Sigurjónsson)	Íslenskar fjölskyldur	42,3	39,1	19,6
1964–66	Útreikningar (FAO/WHO)	Íslendingar	44,1	41,3	14,6
1965	Hagstofa Íslands	Reykvískar launþegafjölskyldur	44,6	40,7	14,7
1973	Hjartavernd (Gunnar Sigurðsson)	Einstaklingar á SV-landi	40,5	42,7	16,4
1975	Útreikningar (Helga Hreinsdóttir)	Íslendingar	45,9	40,7	13,4

Mynd 3 Skipting orkuefna í fimm neyslukönnunum

jafnaði gildir að því hærra sem þetta hlutfall er þeim mun lægri er blöðftan.

Rannsóknir Hjartaverndar sýna að meðalblóðfita Íslendinga er með því hæsta sem mælst hefur. Samkvæmt þessu ætti F/M-hlutfallið í fæði Íslendinga að vera sérstaklega lágt. Skiptir því miklu máli að til séu nákvæmar mælingar á samsetningu þeirrar fitu sem Íslendingar neyta.

Fæðurannsóknadeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Háskóla Íslands hefur nýlega lokið við ítarlega rannsókn á samsetningu á fitu í fæði Íslendinga. Rannsóknin hefur leyft nákvæma útreikninga á F/M-hlutfalli í fæði reykvískra launþega árið 1965. Kemur í ljós að þetta hlutfall var þá um 0,10. Er þetta hlutfall með því lægsta sem mælst hefur hjá sambærilegum þjóðfélagsþópum.

Í erindi dr. Bjarna Þjóðleifssonar á þessu þingi kemur fram að á síðustu árum virðist tiðni kransæðasjúkdóma í amk. sumum aldursflokkum vera í rénum. Eru þetta ánægjuleg tilgangi og vekja strax þá spurningu hvort matarræðið hafi breyst á undanförnum árum og jafnfraamt hvort breyting hafi orðið á öðrum áhættuþáttum.

Ein leið til þess að kanna breytingar á matarræði er að athuga innflutnings- og framleiðsluskýrslur. Þegar þetta er gert kemur í ljós að veruleg breyting hefur orðið á samsetningu þeirrar fitu sem Íslendingar neyta á tímabilinu frá 1965. Er sú breyting helst að notkun sojaolíu til innlends matvælaiðnaðar hefur aukist til muna.

Þar sem um það bil 70% af fjólómettuðum fitusýrum í fæði Íslendinga koma úr fljótandi sojaolíu er ljóst að þessi breyting hlýtur að hafa haft veruleg áhrif á F/M-hlutfallið í fæðinu. Heildar-

innflutningur á fljótandi sojaolíu er sýndur á mynd 6. Sýnir hún tímabilinu frá 1965 til 1979.

Mynd 6 sýnir að á tímabilinu sem um rædir hefur innflutningur á fljótandi sojaololíu um það bil þrefaldast. Myndin sýnir jafnfraamt að þessi innflutningur er í lágmarki árið sem Hjartavernd var stofnuð, þ.e. árið 1967. Fer hann mjög örт vaxandi næstu ár á eftir en síðan verða breytingarnar hægari. Er líklegt að upplýsingaherferð Hjartaverndar fyrstu árin eftir stofnun hafi stuðlað að þessari örú breytingu á mataræði.

Útreikningar sýna að F/M-hlutfallið í fæði Íslendinga um þessar mundir er um 0,20–0,25. Er því ljóst að þetta hlutfall hefur meira en tvöfaldast frá því

að neyslurannsókn Hagstofu Íslands fór fram meðal reykvískra launþega árið 1965.

Í erindi dr. Gunnars Sigurðssonar á þessu þingi kemur fram að samkvæmt mælingum Hjartaverndar hefur átt sér stað nokkur lækkun í meðalblóðfita, einkum á tímabilinu frá 1968–1971. Er þessi breyting því í samræmi við breytingar á F/M-hlutfallinu. Er þetta einnig hliðstætt því sem gerst hefur í öðrum löndum þar sem tíðni kransæðasjúkdóma er í rénum.

Sem dæmi um þessar breytingar má nefna að í Bandaríkjunum hækkaði F/M-hlutfallið í fæðinu úr 0,29 að jafnaði árið 1959 upp í 0,42 árið 1971. Í kjölfar þessarar miklu breytingar á

Mynd 4 Meðalneysla Reykvikings 1940 og 1965

	1940 g/dag	1965 g/dag
Mjólk	577.0	853.0
Smjör	24.0	20.2
Kjöt	129.4	143.3
Fiskur	218.7	93.3
Síld	1.3	1.0
Harðfiskur	4.0	1.5
Slátur	17.5	7.9
Kartöflur	211.8	194.8
Kál	5.1	11.2
Ávextir	5.2	97.5
Rúgbrauð	78.0	25.8
Hveitibrauð	124.6	100.2
Haframjöl	15.2	7.6
Sykur	74.3	84.7
Egg	6.0	18.9
Smjörlíki	20.6	33.9
Áskurður	15.4	7.0

1) Nýmjólk og undanrenna.

2) Brauð og kaffibrauð (þ.e. kökur, kex o.fl.).

## Hlutfallsleg skipting næringarefna eftir fæðuflokkum árið 1965

	Orka	Hvítá	Kolvetni	Sykur	Trefja-efni	Fita	A-vítamín	B-vítamín	B-vítamín	C-vítamín	Kalk	Járn
„Jurtaafurðir“												
Kornmatur	21	16	35	11	35	9	5	27	10	—	3	27
Garðávextir	8	6	19	13	58	1	7	20	7	87	4	21
Sykurvörur	13	—	28	70	1	1	—	—	—	—	1	4
	42	22	82	94	94	11	12	47	17	87	8	52
„Dýraafurðir“												
Mjólkurmatur*	27	40	14	1	—	33	29	37	64	10	86	10
Kjöt, fiskur, egg	14	37	1	—	—	19	17	15	19	3	4	34
Feitmeti	16	—	—	—	—	37	42	—	—	—	1	—
	57	77	15	1	—	89	88	52	83	13	91	44
Aðrar matvörur	1	1	3	5	6	—	—	1	—	—	1	4
Einingar notaðar	HE	g	g	g	g	g	mg	mg	mg	mg	g	mg
Dagsneysla	2700	99	330	130**	20	130	1,2	1,5	2,5	54	1,4	10
RDS-gildi	56						1,0	1,4	1,6	45	0,8	10

\* Smjör ekki meðtalið

\*\* Aætlað af innflutningsskýrslum

## Mynd 5 Hlutfallsleg skipting næringarefna 1965


mataræði lækkaði dánartíðni af völdum kransæðasjúkdóma verulega í öllum aldursflokkum.

Athyglisvert er að F/M-hlutfallið í fæði Íslendinga er en nokkru lægra en það var í fæði Bandaríkjumanna í þann mund sem þeir voru að *hefja* upplýsingaherferð um tengsl mataraðis og kransæðasjúkdóma. Þær eins og hér átti þessi mikla aukning á F/M-hlutfalli einkum rætur að rekja til vaxandi framboðs á neyslu á fljótandi sojaolíu á heimsmarkaðnum.

Rétt er að minna á að á tímabilinu frá 1965 hafa orðið fleiri breytingar á mataraði Íslendinga en F/M-hlutfallið eitt gefur til kynna. Má nefna aukna neyslu á grófum brauðum, aukna neyslu á garðávöxtum, sérstaklega graenmeti. Þessar breytingar á mataraði eru mjög æskilegar og ættu að stuðla enn frekar að því að bæta heilbrigði þjóðarinnar.

Að lokum er rétt að nefna að ýmsar þjóðir hafa sett sér manneldismarkmið. Má þar m.a. nefna ýmsar Norðurlandabjóðir. Yfirleitt hefur áhersla verið á það lögð að draga úr fituneyslu og oftast er einnig mælt með að neysla á fjólómettaðri fitu sé aukin. Er oft talað um að F/M-hlutfallið 0,5 sé æskilegt markmið í þessu sambandi. Mætti færa margvísleg rök að því að þetta markmið væri mikilvægt fyrir Íslendinga.

- 1) Baldur Johnsen, 1978. *Eleven Centuries of Food and Health in Iceland with special Reference to Caried Dentii - A Survey*. Manneldisráð Íslands. Reykjavík.
- 2) Jón Steffensen, 1975. *Menning og meinsemdir*. Ísafoldarpræntsmiðja. Reykjavík.
- 3) Jón Óttar Ragnarsson, 1980. Towards an Icelandic Nutrition Policy. Annað þing norrænna næringarfræðinga. Helsinki. Í prentun.
- 4) Július Sigurjónsson, 1943. *Mataræði og heilsufar á Íslandi*. Ríkispræntsmiðjan Gutenberg. Reykjavík.
- 5) Jón Óttar Ragnarsson, 1979. *Næring og heilsa*. Helgafell, Reykjavík.
- 6) Bjarni Þjóðleifsson, 1978. Dauðsföll af völdum kransæðasjúkdóma á Íslandi 1951-1976. Læknablaðið, 64. árg.
- 7) Jón Óttar Ragnarsson, 1977. Fita og heilbrigði. Ráðstefna um Neysluvenerj og heilsufar. Manneldisfélag Íslands, 1980.
- 8) Gunnar Sigurðsson, 1978. *Æðakölkun og áhættuþættir*. Læknablaðið, 64. árg.
- 9) Ólafur Reykdal og Jón Óttar Ragnarsson, 1980. *Fitusýrusamsetning í íslenskum matvælum*. Í prentun.
- 10) Verslunarþýrslur og Hagtiðindi, 1965-1979.
- 11) Meyer, W.H., 1975. In: *Nutrients in Processed Foods, Fats and Carbohydrates*. Publishing Sciences Group, Inc. Acton, Massachusetts.
- 12) Walker, W.J. 1977. Changing united states Lifestyles and Declining Cardiovascular Mortality. Cause or coincidence? New England Journal of Medicine, 297:3.



Mynd 6 Innflutningur á fljótandi sojaolíu 1965-1979

# Hvers má vænta af hjartavernd?

Fræðslu- og umræðudagskrá í Domus Medica fimmtudaginn 30. október 1980

Á aðalfundum Hjartaverndar undanfarin ár komu fram þær skoðanir að í tengslum við aðalfund væri æskilegt að hafa fræðslu- og umræðudagskrá fyrir almenning þar sem fólk gæfist kostur á að heyra nýjustu kennningar sérfræðinga um hjarta- og æðasjúkdóma, hvað hefði unnið í þeim efnum og hvers mætti vænta. Í samræmi við þessar umræður var fundartíma aðalfundar breytt þannig að hann var færður frá vori til hausts sem þótti heppilegri tími til ráðstefnuhalds.

Þegar líða tók að aðalfundartíma í ár lagði framkvæmdastjórn á ráðin um málþing eða ráðstefnu um hjartaverndarmálefni í framhaldi aðalfundar og fékk til liðs við sig lækna og sérfræðinga. Allnokkru fyrir aðalfund var fjölmöglum send eftirfarandi fréttatilkynning.

Í framhaldi af aðalfundi Hjartaverndar, landssamtaka hjarta- og æðarverndarfélaga, sem haldinn verður í Domus Medica fimmtudaginn 30. p.m., verður fræðslu- og umræðudagskrá um spurninguna: *Hvers má vænta af hjartavernd? Jafnframt verður leitast við að svara spurningunni: Eru hjarta- og æðasjúkdómar á undanhaldi? Dagskrá þessa málþings um hjarta- og æðasjúkdóma og hjartavernd verður með heim hætti að sjó leiknar og sérfræðingar munu flytja stutt erindi um ákveðna þætti viðfangs-efnisins en síðan munu ræðumenn hefja pallborðsumræður um efni erindanna. Fundarmönnum verður þá gefinn kostur á að taka þátt í umræðum og fá svör við spurningum.*

## Dagskráin er þessi:

Dr. Sigurður Samuelsson prófessor: Ávarp.

Dr. Bjarni Þjóðleifsson læknir: Dánartíðni af völdum kransæðasjúkdóma á Íslandi árin 1951-1979.

Dr. Gunnar Sigurðsson læknir: Samband áhættuþátt og kransæðasjúkdóma í könnun Hjartaverndar.

Dr. Jón Óttar Ragnarsson matvælafræðingur: Fita og heilsufar. Nikulás Sigfusson yfirlæknir: Breytingar á reykingarvenjum íslenskra karla síðastliðinu áratug.

Magnús Karl Pétursson læknir: Framfarir í meðferð hjartasjúkdóma á undanförnum árum.

Pallborðsumræður: Umræðustjóri Dr. Þórður Harðarson yfirlæknir.

Fræðslu- og umræðudagskrá þessi hefst kl. 16 og mun standa um tvær klukkustundir. Öllum er heimill aðgangur meðan húsrúm leyfir.

Dagskráin fór fram eins og gert hafði verið ráð fyrir, stóð um tvær klukkustundir og að loknum inngangserindum voru pallborðsumræður og spurningar og athuganir úr sal. Var oft fjör í umræðum og spurningar af ýmsum toga spunnar. Dr. Þórður Harðarson yfirlæknir kynnti fram-sögumenn og stýrði umræðum. Hann dró svo að lokum saman helstu niðurstöður og benti á markverðustu atriðin sem fram hefðu komið í máli manna. Húsfyllir var á ráðstefnunni.

Hér fara á eftir nokkrir punktar og helstu niðurstöður úr erindum sérfræðinganna. Rétt er að geta þess að allir ræðumenn sýndu glærur eða skyggjur máli sínu til stuðnings og áréttингar.

Dr. Bjarni Þjóðleifsson læknir:

## Dánartíðni af völdum kransæðasjúkdóma og sjúkdóma í heilaæðum (slag)

1951 - 1979

Á tímabilinu 1976-79 voru hér á landi 42% allra dauðsfalla hjá körlum og 38% hjá konum af völdum kransæðasjúkdóma og sjúkdóma í heilaæðum (slag).

Kransæðasjúkdómar byrjuðu að aukast upp úr 1950 og urðu að faraldri hjá körlum, sem náiði hámarki 1968-75. Aukningin var mest hjá körlum yngri en 70 ára eða um 140%, en um 40% hjá eldri en 70 ára. Eftir 1975 hefur orðið lækken og ef borið er saman tímabilið 1977-79 við 1968-75 þá er lækkinum um 20% hjá körlum yngri en 70 ára en um 10% hjá eldri en 70 ára. **Hjá konum** hefur orðið tiltölulega lítil breyting, þ.e. um 20-30% aukning á öllu tímabilinu 1951-79. Þrátt fyrir nokkra lækken hjá körlum eru kransæðasjúkdómar ennþá mikil heilbrigðisvandamál. Á árinu 1979 dóu t.d. 290 karlar úr þessum sjúkdómum, þar af 84 undir 65 ára aldri. Samsvarendi tölur hjá konum árið 1979 eru 184, þar af 23 undir 65 ára aldri.

Hagstæðari breytingar hafa orðið á dánartíðni af völdum slags, en þar hefur verulega mikil áunnist. Stöðug lækken hefur orðið hjá báðum kynjum allt tímabilið og mest st. 10 ár. Hjá körlum er lækkinin frá 35%-60%, mest í eldri aldursflokkum og hjá konum er lækkinin 40-80%.

Dr. Gunnar Sigurðsson læknir:

## Samband áhættuþátt og kransæðasjúkdóma meðal íslenskra karla

Áhættuþættir fyrir kransæðasjúkdóma eru skilgreindir

sem þættir í fari einstaklings eða líkamseinkenni sem auka líkurnar á því að hann fái sjúkdóminn í framtíðinni.

Rannsókn á dánarorsökum í hópi miðaldrar ísl. karla sem komu í hóprannsókn í Rannsóknarstöð Hjartaverndar á árunum 1967-68 hefur leitt í ljós eftirtalda áhættuþætti kransæðasjúkdóma:

Hátt kólesteról (blóðfita)  
Hár blóðþrýstingur  
Vindlingareykingar  
Atvinna virðist einnig skipta máli (kyrrsetustörf).

Nikulás Sigfusson yfirlæknir:

### Breytingar á reykingavenjum íslenskra karla 1968 - 1975

Í Hóprannsókn Hjartaverndar, sem hófst haustið 1967 með rannsókn á körlum á Reykjavíkursvæðinu á aldrinum

34-61 árs, voru reykingavenjur kannaðar með stöðluðum spurningalistu.

Í fyrsta áfanga þessarar rannsóknar 1967-'68 mættu 2.203 karlar en til samanburðar eru valdir 1.862 karlar sem komu í fyrsta sinn til rannsóknar 1974-'76.

Helztu niðurstöður eru þessar: Sígarettreykingar meðal karla á aldrinum 40-60 ára hafa verulega minnkað á þessu tímabili, úr um 38% meðal yngstu karlanna (40 ára) í um 33%, en úr um 31% í 20% meðal þeirra elstu (60 ára).

Sígarettreykingar hafa breyst þannig að notkun á síusígarettum hefur aukist hlutfallslega. Um þriðjungr reykingamanna reykja síu-sígarettur 1975 sem er helmingi herra hlutfall en 1968.

Algengasta ástæða þess að menn hætta sígarettreykingum er ótti um heilsuspíllandi áhrif (22-24%), þar næst af sparnaðarástæðum (19%), vegna hósta (13-14%) og vegna mæði (6-7%). Aðeins 4% segjast hafa hætt að læknisráði.

Minnkun á sígarettreykingum hefur ekki haft í för með sér aukningu á pípu- eða vindlareykingum í þessum aldursflokkum. Pípureykingamönnum fækkaði úr 27% 1968 í 22% 1975 en vindlareykingamönnum úr 22% í 15%.



ÞÁTTAKENDUR Í PALLBORÐSUMRÆÐUM. Frá vinstri: Dr. Bjarni Þjóðleifsson læknir, dr. Jón Óttar Ragnarsson dósent, dr. Gunnar Sigurðsson læknir (svarar fyrirspurnum), Nikulás Sigfusson yfirlæknir, dr. Þórður Harðarson yfirlæknir (stjórnandi pallborðsumræðna) Magnús Karl Pétursson læknir.



Séð yfir fundarsalinn t.h.

Magnús Karl Pétursson læknir:

### Dánartíðni af völdum kransæðastíflu á Landspítalanum síðustu árin.

Hér á eftir eru fyrst birtar tölur um heildarfjölda tilfella bráðrar kransæðastíflu á Landspítalanum á árunum 1971 til 1979. Heildarfjöldi tilfella eru 951. Heildardánartíðni sem er 23,5% er svipuð og á árunum 1966 til 1968. Dánartíðni í yngri aldursflokkum hefur lækkað en fjöldi þeirra sjúklinga sem eru 70 ára og eldri hefur hlutfallslega

aukist, eða úr 32,5% á árunum 1966–1968 upp í 40,6% á árunum 1971–1979. Árleg tíðni á þessu tímabili virðist ekki fara minnkandi.

Karlmenn eru í miklum meirihluta í öllum aldursflokkum meðal sjúklinga 80 ára og eldri en þar er svipað hlutfall karla og kvenna.

Af 38 sjúklingum sem fengu bráða kransæðarstíflu á árunum 1977–1979 og voru 50 ára og yngri voru aðeins 2 sjúklingar sem aldrei höfðu reykt.

Erindi dr. Jóns Óttars Ragnarssonar dósents er birt í heild á bls. 7.



## MARGAR VONIR **RÆTAST**

Miði í happdrætti SÍBS gefur góða vinningsvon, nær 2/3 hlutar veltunnar fara í vinninga, og meira en fjórði hver miði hreppir vinning. Þar að auki á hver seldur miði þátt í því að aðrar vonir rætist. Vonir þeirra sem þurfa á endurhæfingu að halda – endurheimta afl og heilsu með þjálfun og störfum við hæfi.

Árlega fá nær 600 manns þjálfun og vinnu að Reykjalundi og 40 öryrkjar starfa að jafnaði á Múlalundi. Og enn er átak framundan: ný þjálfunarstöð að Reykjalundi og nýtt húsnæði fyrir Múlalund.

---

Almennur stuðningur landsmanna er lykillinn að árangursríku starfi SÍBS

---

Happdrætti SÍBS

---

**MIÐAVERÐ AÐEINS 2000 GKR. 20 NÝKR.**  
Hæsti vinningur 10 milljónir gkr., 100.000 nýkr.

---

# Tvær félagslæknisfræðilegar skýrslur frá Rannsóknarstöð Hjartaverndar

## Umsjón: Ólafur Ólafsson landlæknir Haukur Ólafsson félagsfræðingur.

Hóprannsókn Hjartaverndar á Reykjavíkursvæðinu hófst 1967. Var þá valið úrtak fólks á aldrinum 34–61 árs, alls 17.000 manns.

Þessi hópur hefur verið rannsakaður í 3 áföngum og lauk síðasta áfanga þessarar rannsóknar 1978.

Síðan hefur verið bætt við 4. áfanga er nú stendur yfir.

Hóprannsókn Hjartaverndar er viðtæk faraldsfræðileg könnun, fyrst og fremst á hjarta- og æðasjúkdónum og áhættuþáttum þeirra. Niðurstöður fjölmargra rannsókna benda eindregið til þess, að lífnaðarhættir fólks ráði miklu um orsakir og gang þessara sjúkdóma og annarra s.k. velferðarsjúkdóma.

Í Hóprannsókn Hjartaverndar hefur því verið leitast við að kanna ýmis félagslæknisfræðileg atriði meðal þáttakenda. Í þessu skyni hefur verið notaður staðlaður spurningalisti. Í honum eru 24 meginþurðar um félagsleg atriði, margar þeirra í allmögum liðum.

Nýlega hafa komið út 2 ítarlegar skýrslur um niðurstöður þessarar könnunar. Ná þessar skýrslur til 1. áfanga hóprannsóknarinnar 1967–'68 en auk þess verður gerður nokkur samanburður við niðurstöður úr 3. áfanga rannsóknarinnar sem fram fór 1974–'76 og athugaðar nokkrar þær breytingar er orðið hafa á félagslegum aðbúnaði o.fl. á þessu tímabili.

### Útdráttur úr Skýrslu A XIV.

Skýrslan greinir frá niðurstöðum af félagsfræðilegi könnun á menntun, atvinnu, húsnæði, heilsufari og lifnaðarhættum karla á höfuðborgarsvæðinu á árunum 1967–'68.

Þessi atriði voru þáttur í fyrsta áfanga heilsufarsrannsóknar Hjartaverndar.

Rannsóknin náði yfir Reykjavík og nærliggjandi sveitarfélög. Boðaður var til rannsóknar þriðjungur af sextán árgöngum karla á aldrinum 34–61 árs. Þáttakendur voru valdir úr þjóðskrá eftir fæðingardögum, þannig að boðaðir voru þeir sem fæddir voru 1., 4., 7., o.s.frv. hvers mánaðar. Alls voru boðaðir 2.955. Þáttaka var 75.1%.

#### Menntun.

Þáttakendum í hóprannsókninni var skipt í fjóra hópa eftir skólagöngu. Útkoman varð sú að 9.3% hópsins voru með háskólapróf, 16.7% höfðu stúdentspróf eða samsvarandi menntun, 38.7% höfðu gagnfræðapróf eða svipaða menntun og 33.0% höfðu verið í barnaskóla eða lokið honum.

#### Atvinnu.

Í öllum aldursflokkum höfðu 46.6% allra þáttakenda stundað sömu atvinnu frá tvítugsaldri en 53.4% höfðu skipt um vinnu. Um 26% telja sig vera atvinnurekendur eða forstjóra.

Af öllum þáttakendum sitja 38.9% um kyrrt mestan hluta vinnutímans, 14.2% vinna á sama stað en 43.8% hreyfa sig til. Um 13.6% finnst vinnan andlega þrúgandi. Meira en 70% þáttakenda vinna a.m.k. 50 stundir á viku og um 13.0% a.m.k. 60 stundir á viku. Meðalvinnustundafjöldi þáttakenda er um 53. Á síðstu fimm árum hafa 36.3% þáttakenda unnið 10 stundir á viku í yfirvinnu. Könnunin leiðir í ljós að vinnuvikan á höfuðborgarsvæðinu hér á landi er 14 stundum lengri en í Svíþjóð, 9.5 stundum lengri en í Danmörku og 9 stundum lengri en í Noregi.

Síðustu 12 mánuðina höfðu 22.7% þáttakenda aldrei verið frá vinnu sökum veikinda.

RANNSÓKNARSTÖÐ HJARTAVERNDAR

#### SKÝRSLA A XIV

HÓPRANNSÓKN HJARTAVERNDAR 1967 – '68

SKÓLAGANGA, ATVINNA, HÚSNÆÐI, HEILSUÐAR o.fl.  
meðal íslenskra karla á höfuðborgarsvæðinu  
á aldrinum 34–61 árs

- 1980 -

#### Húsnæði.

Um 78% þáttakenda búa í eigin húsnæði, 30.3% búa í einbýlishúsum, 18.2% í ráðhúsum eða viðlíka byggingum en 45.8% búa í fjölbýlishúsum.

Um 98–99% þáttakenda í rannsókninni hafa miðstöðvarhitun í húsum sínum, vatnssalerni og heitt og kalt rennandi vatn; 84.7% hafa baðkar. Húsrymi á mann er 20 fermetrar eða meira hjá 70.6% þáttakenda.

#### Heilsa.

Samkvæmt heilsufarsrannsókninni hafa 82.0% karla á höfuðborgarsvæðinu leitað til læknis vegna veikinda eða gruns um sjúkleika, 63.4% hafa legið á sjúkrahúsi, 43.9% hafa gengið undir uppskurð, 3.9% eiga pantað viðtal við lækni, 16.1% neyta lyfja að staðaldri, 25.7% hafa fundið til breytu á líðnu ári og 24.8% fá höfuðverk einu sinni eða oftar í hverjum mánuði.

#### Lifnaðarhættir.

Í rannsókninni kemur fram að 36.1% þáttakenda reykja sigarettur, 74.0% eiga bíl, 24.4% hafa þyngst um a.m.k. 5 kg einhvern tíma á tveggja ára skeiði síðastliðin 15 ár, 20.9% fara reglulega í læknisskoðun á a.m.k. þriggja ára fresti, 14.2% ganga eða fara á reiðhjóli til vinnu og 26.5% hafa tekið þátt í einhvers konar íþróttum eftir tvítugsaldur.

## SKÝRSLA A XVI

HÓPRANNSÓKN HJARTAVERNDAR 1967 - '68

SKÓLAGANGA, ATVINNA, HÚSNÆÐI, HEILSUFAÐI  
nokkurna starfsflokka  
íslenskra karla á þófðuborgarverfiðnu  
á aldrinum 34-61 árs

- 1980 -

## Útdráttur.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum félagsfræðilegrar könnunar á skólagöngu, atvinnu, húsnæði, heilsufari o.fl. í 3 starfsflokum karla á Reykjavíkursvæðinu, sem rannsakaðir voru 1967-’68.

Hér er um að ræða sömu karla og lýst er í Skýrslu A XIV en hópnum nú skipt í 3 starfsflokka og félagslegur aðbúnaður kannaður í hverjum flokki.

Í starfsflokki A (fjöldi 482) eru aðallega þeir, sem vinna starf er krefst frekar huglægrar vinnu en líkamlegrar áreynslu. Er þar t.d. um að ræða stjórendur og eigendur fyrirtækja, embættismenn og launþega í hærri launaflokkum.

Í starfsflokki B (fjöldi 687) eru þeir sem vinna við ýmis konar þjónustu-, afgreiðslu- og eftirlitsstörf og líkamlega léttu iðnvinnu. Sem dæmi má nefna verkstjóra, skrifstofumenn, prentara, gullsmiði o.s.frv.

Í starfsflokki C (fjöldi 888) eru þeir menn, faglærðir og ófaglærðir sem vinna tiltölulega erfiða líkamlega vinnu. Er þar um að ræða ófaglært verkafólk af ýmsu tagi svo sem verksmiðjufólk, byggingaverkamenn, handverkafólk, fiskimenn, o.fl. Einnig má nefna faglært fólk svo sem mýrarar, trésmiði, járnsmiði o.fl.

## Menntun.

Í starfsflokki A voru 33.6% með háskólapróf, 30.3% stúdentspróf eða samsvarandi, 22.6% gagnfræðapróf eða svipaða menntun en 12.4% höfðu aðeins barnaskólapróf.

Í starfsflokki B voru samsvarandi tölur: 3.6%, 21.6%, 43.6% og 29.5%, en í starfsflokki C 0.3%, 7.0%, 47.3% og 44.6%.

## Atvinna.

Í starfsflokki A höfðu 28.2% alltaf haft sama starf, í starfsflokki B 47.2% og í starfsflokki C 52.8%. Í öllum starfsflokunum höfðu flestir þeirra sem skiptu um starf unnið minna en 10 ár í fyrra starfi.

Atvinnurekendur voru 58.3% í flokki A, 16.4% í flokki B, og 17.4% í flokki C, en hundraðshlutu forstjóra var 68.0%, 42.4% og 20.8%.

Í A-flokki sögðust 67.0% vinna aðallega kyrsetustörf, 41.0% í B-flokki og 25% í C-flokki.

